

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. samþykkt nr. 1088/2020 um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert. Gjöld skv. 2.-4. gr. taka breytingum skv. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í upphafi hvers árs.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði skv. eftirfarandi álagsgrunni:

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	14.720 kr.	4.910 kr.	4.910 kr.	4.910 kr.
660 l ílát	44.180 kr.	14.720 kr.	14.720 kr.	
120 l ílát				2.450 kr.

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er kr. 24.540 og inniheldur 240 l blátunnu, 240 l grátunnu, 240 l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald kr. 22.470 af öllu húsnæði í Rangárvallasýslu, þ.e. íbúðar-, frístunda-, og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur grenndarstöðva, móttökustöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla þess veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Rekstraraðilar sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðinni Strönd vegna atvinnureksturs skulu greiða fyrir það, sjá 4. gr. Gjaldtaka á Strönd er ekki hluti af sorpeyðingargjaldi sveitarfélagsins.

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Úrgangstegund	Kr. kg m. vsk	Gjaldskyldir
Almennt sorp/blandaður heimilisúrgangur	42	Fyrirtæki/einstaklingar
Grófur úrgangur, óflokkaður	51	Fyrirtæki/einstaklingar
Harðplast og annað óflokkað plast – án úrvinnslugjalds	41	Fyrirtæki/einstaklingar
Harðplast með úrvinnslugjaldi	0	
Plastumbúðir	0	
Blandaður pappír/pappi	21	Fyrirtæki
Bylgjupappír	0	
Timbur hreint	6	Fyrirtæki/einstaklingar
Timbur litað	18	Fyrirtæki/einstaklingar
Garðaúrgangur og jarðvegur	4	Fyrirtæki
Trjábolir og greinar	6	Fyrirtæki
Óvirkur úrgangur (gler, flísar, postulín o.fl.)	6	Fyrirtæki/einstaklingar
Dýrahæ og sláturúrgangur	31	Fyrirtæki/einstaklingar
Lífrænn heimilisúrgangur	26	Fyrirtæki

Úrgangstegund	Kr. kg m. vsk	Gjaldskyldir
Hevrúlluplast, áburðarpokar – hreint	0	
Hjólbarðar	0	
Málmar	0	
Spilliefni, raftæki	0	
Heimsendur gámur, flokkaður – 31.000 kr.		

Heimilt að leggja á lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) kr. 1.100 m³.

Heimilt er að innheimta útlagðan förgunarkostnað sem hlýst af móttöku spilliefna.

Ef óflokkað er í heimsendan gám skal greitt skv. þyngd innihaldsins. Heimsendir gámar eru einungis fyrir íbúa í Rangárvallasýslu.

Gjaldtaka á einstaklinga hefst með upptöku miðakerfis 1. janúar 2022.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. þann 29. júní 2021 og staðfest af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem reka Sorpstöð Rangárvallasýslu. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1419/2020.

Strönd, 29. júní 2021.

Ágúst Sigurðsson,

formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.